



Alþingi
Erindi nr. P 143/104
komudagur 31.10.2013

fimmtudagur, 31. október 2013

Félag Nýrnasjúkra

Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir)

Félag nýrnasjúkra hefur farið yfir frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem frumvarpið leggur til, en vill leggja áherslu á mikilvægi þess að sjúkraskrár verði samræmdar, rafrænar og samtengdar. Það er stórt verkefni og þolir illa bið. Það kallar t.d. á breytingar á 18. og 20. gr. þessara laga þar sem heimildin dregur of skammt, þetta þarf að verða skylda.

Samræmd og samtengd rafræn sjúkraskrá er nauðsynleg

Félag nýrnasjúkra leggur mikla áherslu á nauðsyn þess að komið verði á rafrænni, samræmdri og samtengdri sjúkraskrá fyrir alla landsmenn sem allra fyrst. Það er ljóst að slíkt mundi til lengri tíma leiða til mikils sparnaðar í heilbrigðiskerfi okkar, draga úr tvíverknaði, auka öryggi sjúklinga, auk þess að flýta fyrir greiningu heilsufarsvanda. Flestir þekkja dæmi þess að réttar upplýsingar hafa ekki borist á milli aðila í heilbrigðisþjónustu. Það þarf ekki gamalt eða mikið veikt fólk til að muna ekki alveg hvað lyfin heita, hvað hinn eða þessi læknirinn sagði, hvaða meðferð var beitt í fyrra, upplýsingar um annan heilsufarsvanda sem kann að skipta máli eða hvaða niðurstöður hafa fengist í ýmsum athugunum. Það sem er gleymt er þá ekki nefnt og berst því ekki á milli heilbrigðisaðila. Þannig verður það aðallega á ábyrgð sjúklings eða aðstandanda að sjá um að upplýsingar berist á milli stofnana og hættan er því auk þess að gleyma eða skynja ekki mikilvægið, að það er ekki alltaf á færi leikmanna að meta gildi þessara upplýsinga. Dæmi eru kunn um vandamál sem af þessu hafa leitt og jafnvel dauðsföll. Einnig getur það gerst að sjúklingur sé til meðferðar hjá mismunandi sérfræðingum við ólíkum kvillum og fá meðferð sem vinnur hvor gegn annari.

Félag nýrnasjúkra skorar því á nefndina að breyta lögnum í þessa veru og ýta þannig úr vör þessu mikilvæga verkefni.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags nýrnasjúkra

Kristín Sæunnar- og Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri